



Hafnarfjörður

Hafnarfjörður 16. nóvember 2023

Minnisblað

Efni: Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

Málsnúmer: 2310709

Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2023 er heimild til lántöku allt að 3.500 m.kr. Þann 24. október var lagt til, í minnisblaði til bæjarráðs, lagt til að taka 1.000 m.kr. að láni hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. vegna fjárfestinga sveitarfélagsins. Nú er lagt er til að taka 1.500 m.kr. að láni hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. vegna fjárfestinga sveitarfélagsins. Ónýtt lánsheimild ársins eftir þessa lántöku er allt að 1.000 m.kr.

Lántakan samanstendur af kr. 925.000.000,- láni í skuldabréfaflokknum LSS 55 og kr. 575.000.000,- láni í skuldabréfaflokknum LSS 39.

Skilmálar lánssamninga	LSS 39	LSS 55
Verðtrygging	Já	Já
Fastir vextir	-	2,50%
Lokagjalddagi	20. feb. 2039	5. nóv. 2055
Afborgunartegund	Jafnar afb.	Jafnar afb.
Afborganir	20. feb. og 2. ágúst	5. maí og 5. nóv.
Fyrsta afborgun höfuðstóls	20. ágúst 2024	-
Lántökugjald	Nei	Nei
Uppgreiðsluheimild	Nei	5. nóv. 2035 og 5. nóv. 2045
Endurskoðunarákvæði vaxta	Nei	Nei
Lánskjör	4,15%	4,15%
Annar kostnaður	Nei	Nei

Tillaga að bókun á fundi bæjarráðs 16. nóvember 2023:

Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn samþykki eftirfarandi bókun:

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 1.500.000.000,- en í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið



Hafnarfjörður

2023 er heimild til lántöku allt að kr. 3.500.000.000,-. Lántakan samanstendur af kr. 925.000.000,- láni í skuldabréfaflokknum LSS 55 og kr. 575.000.000,- láni í skuldabréfaflokknum LSS 39 og hefur sveitarstjórn kynnt sér skilmála að lánssamningi sem liggur fyrir á fundinum.

Skuldabréfaflokkurinn LSS 55 er verðtryggður skuldabréfaflokkur með fasta 2,50% vexti en er lánaður á ávöxtunarkröfunni 4,15%. Skuldabréfaflokkurinn er með jöfnum afborgunum tvisvar á ári og getur verið allt til 33 ára en er með uppgreiðsluheimild í nóvember 2035 og 2045. Skuldabréfaflokkurinn LSS 39 er verðtryggður skuldabréfaflokkur með fasta 4,15% vexti, jöfnum afborgunum tvisvar á ári og er til 13 ára. Ekki er hægt að greiða þennan skuldabréfaflokk upp fyrir lokagjalddaga.

Bæjarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum við íþróttamannvirki sveitarfélagsins sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Rósu Guðbjartsdóttur, bæjarstjóra Hafnarfjarðar, kt. 291165-3899, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hafnarfjarðar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Helga Benediktsdóttir

Sviðsstjóri fjármálasviðs